

Mál nr. 29/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar B

Maður slasast við vinnu á varmaskipti þ. 8.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 28.1.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M vann við að setja upp varmaskipti í loftræstiklefa og var staddur inni í varmaskiptinum þegar festingar gáfu sig og varmaskiptirinn féll saman og M klemmdist á milli efri og neðri hluta og þegar samstarfsmenn M reyndu að losa hann féll efri hluti varmaskiptisins á M. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V og bendir m.a. á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en þ. 30. Júní 2009. Þá er á það bent af hálfu M að hann hafi starfað sem ófaglærður launþegi hjá B og hafi verkstjóri á vegum B stýrt verkinu og segir M að hann hafi mátt treysta því að öryggismál væru fullnægjandi við framkvæmd verksins. Þá telur M að ekki hafi verið fyrir hendi fullnægjandi öryggisbúnaður sem gæti tryggt öryggi M. V hafnar bótaskyldu að hluta og telur að M verði að bera þriðjung tjóns síns sjálfur og vísar til þess að starfsmenn hafi sjálfir átt að ákveða útfærslu verksins og taka ákvarðanir varðandi framkvæmdir og því hafi M átt þátt í því verklagi sem viðhaft var með sama hætti og samstarfsmenn hans. Þá bendir V á að M hafi unnið hjá B í tvö ár þegar slysið varð.

Álit.

Af gögnum málsins liggur fyrir að M slasaðist við vinnu sína og ekki var gætt að því að kalla til Vinnueftirlit ríkisins og ber B ábyrgð á þeirri vanrækslu. M hafði ekki með höndum stjórn verksins í umrætt sinn en upplýst er að verkstjóri var á staðnum frá B. Jafnvel þó að umræður hafi orðið milli starfsmanna B um það með hvaða hætti verkið yrði best af hendi leyst þá leysir það B ekki undan þeirri ábyrgð sem B ber á því að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að M hafi hagað sér með þeim hætti að eðlilegt sé að fella sök á hann vegna slyssins. M á því rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 15.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.